

Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla  
skólaárið 2008 - 2009

## Drög að skýrsla um innra mat Borgarholtsskóla 2009

### Markmið sjálfsmats Borgarholtsskóla

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og rekstrarþátta, samskipta innan skólans og stoðþjónustu ásamt samstarfi og samskiptum við aðila utan skólans sem honum tengjast.

Niðurstöður matsins verða jafnframt leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskiptum og samstarfi starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfsemin varðar.

### Matslíkan

Sjálfsmat Borgarholtsskóla hefur undanfarin ár stuðst við matslíkanið Framhalds-Skólarýni frá Rannsóknarstofu Háskólans á Akureyri. Líkanið mælir fjölda atriða skólastarfsins sem leggja grunn að umbótum svo og eru niðurstöðunum gefnar einkunnir. Stigagjöf í Framhaldskóla-Rýni gefur mest 1000 stig hverju sinni.

Matsspurningar líkansins eru grunnur að upplýsingasöfnun um innri sem ytri þætti sem varða skólastarfið. Tilmæli líkansins um einkunnagjöf fyrir matsþætti verða til leiðsagnar um umbætur. Söfnun, skráning og úrvinnsla gagna verður tölvuunnin í forriti matslíkansins. Öllum könnunum verður svarað rafrænt. Fullunnin sjálfsmatskýrsla Borgarholtsskóla mun byggjast á niðurstöðum úr tölvuvinnslu forritsins. Þessari vinnu er ekki enn lokið, m.a. vegna mikilla anna við vinnu tengdri nýjum framhaldsskólalögum og er einkunnagjöf þess vegna ekki tilbúin til birtingar.

Jafnhliða Framhalds-Skólarýninum hafa verið gerðar reglubundnar kannanir í skólanum sem gefa möguleika á umbótastarfi. Í þessari bráðabyrgðaskýrslu er farið yfir atriði úr niðurstöðum kannana sem gefa tilefni til skoðunar og ábendinga um þörf á umbótum.

## Eftirfarandi kannanir hafa farið fram skólaárið 2008-2009:

### Starfsmannakönnun , febrúar 2009

#### Helstu niðurstöður:

#### Svarhlutfall:

- 79% (96 af 121)
- Í fyrra var það 41% ...

#### Hvað finnst okkur ganga vel – eða betur en í fyrra?

- Flestum líður vel í vinnunni (94%) – eins og í fyrra
- 92% finnst ganga vel að vinna með næstu samstarfsmönnum
- Starfið okkar skiptir máli fyrir skólann í heild (96%)

- “Ég fæ hvatningu og hrós frá samstarfsmönnum mínum”(66% - var 62/50) **Hvaða tölur eru þetta?**
- 77% finnst nemendur bera virðingu fyrir skólanum
- Fólk virðist fá meiri hvatningu og stuðning til að sækja sér aukna þekkingu (58% - var 37%) **Nei var 58% miðað við hitt skjalið**

### Og hvað gengur ekki eins vel...

- 42% segja: “Stjórnendur gefa mér tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir og stefnu skólans”
- **Samt....**
- eru 71% starfsmanna ánægð með stefnu skólans
- Enn finnst einungis um 60% að stjórnendur leysi vandamál innan hóflegs tíma

Greinilegt er að betur hefur tekist að fá starfsfólk til að svara könnuninni. Svarhlutfallið var mun hærra í ár en í fyrra sem er vísbending um að starfsfólkið sér tilgang í að taka þátt í innra mati skólans. Ánægjulegt er hversu vel starfsfólkinu virðist líða á vinnustaðnum ár eftir ár. Eins hefur það verið gegnumgangandi í gegnum árin að starfsfólki finnst að starf þeirra skiptir máli fyrir skólann í heild.

Það að fólk fái hvatningu og hrós eykst ár frá ári enda hefur verið unnið markvisst með það og starfsfólk gert meðvitaðra um gildi þess að hrósa. Skólinn bauð m.a. upp á fyrirlestur þar sem það að hrósa var á dagskrá. Starfsmenn finna fyrir aukinni hvatningu og stuðningi til að stunda símenntun og hefur skólinn m.a. lagt rækt við að bjóða upp á námskeið innan skólans í „Moodle“ sem er heiti á rafrænu kennsluumhverfi sem skólinn styðst við í kennslu. Margir kennarar hafa ennfremur fengið svigrúm í stundatöflu til að stunda nám utan skólans.

Atriði sem huga þarf að er að gefa starfsmönnum meiri möguleika á að hafa áhrif á ákvarðanir og stefnu skólans. Strax í vor, á starfsdögum, var unnið með stefnu skólans, hún endurnýjuð og voru kennarar með í því ferli. Svo kemur í ljós í næstu starfsmannakönnun hvort starfsmönnum finnst þeir hafa meiri áhrif.

Í könnun síðasta árs eins og í ár kemur það fram að stóru hlutfalli starfsmanna finnst stjórnendur vera of lengi að leysa ýmiss konar mál. Hér verða stjórnendur að setja sér markmið til þess að bæta úr því.

## Áfangakannanir, mars 2009:

Á fjögurra ára tímabil er lagt mat á flesta áfanga og allir kennarar eru metnir af nemendum þeirra. Eftir að niðurstöður eru fengnar úr matinu fær viðkomandi kennari þær í umslagi til yfirlestrar en síðar fær hann tækifæri til að ræða niðurstöðurnar við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur það til kasta skólameistara að leita leiða til úrlausna með viðkomandi kennara.

## **Skólarýnir, maí 2009:**

Sjálfsmat skólans byggist á stórri könnun sem lögð er fyrir í lok skólaársins þar sem starfsmenn leggja mat á alla þætti skólastarfsins. Matshópur greinir svörin og gefur einkunn. Gerð er skýrsla samkvæmt niðurstöðum matshópsins og svo greining á þessum niðurstöðum m.t.t. endurbóta.

Á starfsdögum í maí 2009 svöruðu kennarar spurningum úr framhaldsskólarýninum. Spurningunum var skipt í fimm hluta þannig að hver og einn kennari svaraði milli 50 og 65 spurningum um ólíka þætti skólastarfsins.

Matshópur hefur enn ekki lokið við að vinna úr niðurstöðunum.

## **Viðhorfskannanir:**

Á haustönn eru gerðar kannanir á viðhorfi til skólastarfsins og veru í skólanum meðal eldri og yngri nemenda. Yngri nemendur eru nýnemar hverju sinni og eldri nemendur þeir sem eru á 3. og 4 ári og þar með 18 ára eða eldri.

### **Yngri nemar, október 2009**

233 nýnemar munu svara viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins. Í þeirri könnun eru 48 spurningar. Hún fer fram í lífsleiknitímum og er opin til 30. október. Eftir það verður unnið úr könnuninni og helstu niðurstöður kynntar kennurum og nemendum.

### **Eldri nemar, október 2009**

200 eldri nemar (18 ára eða eldri) munu svara viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins. Í þessari könnun eru 45 spurningar. Hún fer fram í ýmsum greinum þar sem eldri nemar eru og er opin til 30. október. Eftir það verður unnið úr könnuninni og helstu niðurstöður kynntar kennurum og nemendum.

\*\*\*